

VÍN blaðið

9. árg. 3. tbl. september 2011



KOKTEILAR



PÝSKAR
MATARHEFÐIR



PÖRUN BJÓRS
OG MATAR

Afgreiðslutími

VÍNBUÐA



Sjá upplýsingar um afgreiðslutíma á heimasíðu www.vinbudin.is

Höfuðborgarsvæðið	mán.-fim.	fös.	lau.	sími	teg	heimilisfang
Austurstræti	11-18	11-19	11-18	562-6511	700	Austurstræti 10a, 101 Rvk
Borgartún	11-18	11-19	11-18	561-8001	700	Borgartún 26, 105 Rvk
Dalvegur	09-20	09-20	11-18	564-5070	700	Dalvegi 2, 201 Kóp
Eiðistorg	11-18	11-19	11-18	561-1800	1000	Eiðistorgi 13, 170 Seltj.
Hafnarfjörður	11-18	11-19	11-18	565-2222	1000	Fjarðargötu 13-15, 220 Hafn
Heiðrún	11-18	11-19	11-18	560-7701	ALLT	Stuðlahálsi 2, 110 Rvk
Kringlan	11-18	11-19	11-18	568-9060	ALLT	Kringlunni 4-12, 103 Rvk
Mosfellsbær	11-18	11-19	11-18	586-8150	700	Pverholti 2, 270 Mosfellsbæ
Skeifan	09-20	09-20	11-18	588-3100	700	Skeifunni 5, 108 Rvk
Skútuvegur	09-20	09-20	11-18	568-9008	ALLT	Skútuvegi 2, 104 Rvk
Smáralind	11-18	11-19	11-18	544-2112	1000	Hagasmára 1, 201 Kóp
Stekkjarkakki	11-18	11-19	11-18	567-0400	700	Stekkjarkakka 6, 109 Rvk

Landsbyggðin	mán.-fim.	fös.	lau.	sími	teg	heimilisfang	
Akranes	Vetur	12-18	11-19	11-14	431-2933	300	Þjóðbraut 13, 300 Akranes
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Akureyri		11-18	11-19	11-18	462-1655	1000	Hólabraut 16, 600 Akureyri
		14-18	14-19	lokað	452-4501	200	Aðalgötu 8, 540 Blönduós
Blönduós	Vetur	14-18	14-19	lokað			
	Sumar	14-18	11-19	11-14			
Borgarnes*	Vetur	12-18	11-19	11-14	431-3858	300	Borgarbraut 58-60, 310 Borgarnes
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Búðardalur	Vetur	17-18	14-18	lokað	434-1303	100	Vesturbraut 15, 370 Búðardalur
	Sumar	17-18	14-19	12-14			
Dalvík	Vetur	14-18	12-19	lokað	466-3430	200	Hafnarbraut 7, 620 Dalvík
	Sumar	11-18	11-19	11-14			
Djúpivogur		17-18	14-18	lokað	478-8270	100	Búlandi 1, 765 Djúpivogur
		12-18	11-19	11-14	471-2151	300	Miðvangi 2-4, 700 Egilsstaðir
Egilsstaðir	Vetur	12-18	11-19	11-14			
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Fáskrúðsfjörður		17-18	14-18	lokað	475-1530	100	Skólavegi 59, 750 Fáskrúðsfjörður
		17-18	14-18	lokað	487-8701	100	Akurgerði 4, 845 Flúðir
Flúðir	Vetur	17-18	14-18	lokað			
	Sumar	17-18	14-19	12-14			
Grindavík		14-18	12-18	lokað	426-8787	200	Vikurbraut 62, 240 Grindavík
		17-18	14-18	lokað	438-6994	100	Hrannarstíg 3, 350 Grundarfjörður
Grundarfjörður		17-18	14-18	lokað	455-3110	100	Höfðatúni 4, 510 Hólmavík
		17-18	14-19	12-14			
Hólmavík	Vetur	17-18	14-18	lokað			
	Sumar	17-18	14-19	12-14			
Húsavík	Vetur	14-18	14-19	lokað	464-2230	200	Garðarsbraut 21, 640 Húsavík
	Sumar	11-18	11-19	11-14			
Hvammstangi		17-18	14-18	lokað	455-2321	100	Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi
		12-18	11-19	11-16	481-3932	300	Breiðumörk 1, 810 Hveragerði
Hveragerði	Vetur	12-18	11-19	11-16			
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Hvolsvöllur	Vetur	14-18	14-19	11-14	486-1886	200	Austurvegi 3, 860 Hvolsvöllur
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Höfn	Vetur	14-18	14-19	lokað	471-3267	200	Miðbær, Litlabrú 1, 780 Höfn
	Sumar	14-18	11-19	11-16			
Ísafjörður	Vetur	12-18	11-19	11-14	456-3455	300	Aðalstræti 20, 400 Ísafjörður
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Kirkjubæjarklaustur	Vetur	17-18	14-18	lokað	487-4628	100	Skaftárskála, 880 Kirkjubæjarklaustur
	Sumar	17-18	14-19	12-14			
Neskaupstaður		14-18	14-18	lokað	477-1890	200	Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstaður
		14-18	14-18	lokað	436-1226	200	Mýrarholti 12, 355 Ólafsvík
Ólafsvík		14-18	14-18	lokað	456-1177	200	Þórsstötu 10, 450 Patreksfjörður
		14-18	14-19	lokað			
Patreksfjörður	Vetur	14-18	14-18:30	lokað			
	Sumar	14-18	14-19	lokað			
Reyðarfjörður		14-18	14-19	11-14	474-1406	200	Hafnargötu 2, 730 Reyðarfjörður
		11-18	11-19	11-16	421-5699	700	Krossmóum 4, 230 Reykjanesbær
Reykjanesbær		12-18	11-19	11-14	453-5990	300	Smáragrund 2, 550 Sauðárkrókur
		11-18	11-19	11-16			
Sauðárkrókur	Vetur	11-18	11-19	11-16			
	Sumar	14-18	14-19	11-14			
Selfoss		11-18	11-19	11-16	482-2011	700	Vallholti 19, 800 Selfoss
		17-18	14-18	lokað	472-1101	100	Hafnargötu 4a, 710 Seyðisfjörður
Seyðisfjörður		14-18	14-19	lokað	467-1262	200	Eyrargötu 25, 580 Siglufjörður
		14-18	11-19	11-14			
Siglufjörður	Vetur	14-18	14-19	lokað			
	Sumar	14-18	11-19	11-14			
Stykkishólmur	Vetur	14-18	14-19	lokað	430-1414	200	Aðalgötu 24, 340 Stykkishólmur
	Sumar	14-18	11-19	11-14			
Vestmannaeyjar	Vetur	12-18	11-19	11-14	481-1301	300	Strandvegi 50, 900 Vestmannaeyjar
	Sumar	11-18	11-19	11-16			
Vík í Mýrdal	Vetur	17-18	14-18	lokað	486-8660	100	Ránarbraut 1, 870 Vík
	Sumar	17-18	14-19	12-14			
Vopnafjörður		17-18	14-18	lokað	471-2200	100	Hafnarbyggð 4, 690 Vopnafjörður
		17-18	14-18	lokað	481-3963	100	Selvogsbraut 41, 815 Þorlákshöfn
Þorlákshöfn		17-18	14-18	lokað	468-1106	100	Langanesvegi 2, 680 Þórshöfn
		17-18	14-18	lokað			

Sjá upplýsingar um netföng á www.vinbudin.is • *Vínbúðin Borgarnesi opnar klukkan 11 mán-lau í september • Sumar: júní – ágúst / Vetur: sept. – maí



Leiðari

Haustið og það sem því fylgir

Þegar haustar að og daginn tekur að stytta er við hæfi að skoða betur það vinnræktarsvæði sem er á ystu mörkum vinnfræðislu sökkum veðurfars – Þýskalund. Í blaðinu skoðar Páll vinnfræðingur með okkur hvaða þrúgur þrífast best við erfið vinnræktarleg skilyrði. Júlíus ferðast síðan með okkur um heima þýskrar matarhefðar sem er bæði fjölbreytt og spennandi. Ekki er hægt að fjalla um vinn- og matarmenningu Þýskalands án þess að minnst á stærstu bjór- og matsýningu í heimi; Októberfest. Magnús segir okkur stuttlega frá þessari stærstu sýningu heims, sem fagnaði 200 ára afmæli sínu í fyrra og dregur að sér allt að fimm milljónir gesta á þeim rúmlega hálfu mánuði sem hún stendur yfir.

Í október ætlum við einmitt að kynna sérstaklega „öðruvísi“ bjóra í Vinnbúðunum. Með „öðruvísi“ bjórum eigum við að jafnaði við aðrar bjórtegundir en ljósan lagerbjór. Slíkir bjórar hafa oft átt undir högg að sækja á Íslandi, þar sem um 96% af allri bjórsölu Vinnbúðanna er hefðbundinn ljós lagerbjór. „Öðruvísi“ bjórar hafa þó sótt í sig veðrið undanfarin ár og til að mynda juku þeir hlutfall sitt af heildarsölu bjórs í fyrra í fyrsta skipti í mörg ár. Við erum stolt af því vöruúrvali sem við höfum á boðstólum í Vinnbúðunum og þegar þetta er skrifað eru til sölu 153 tegundir af ljósum lagerbjór og tæplega 60 tegundir af öðrum bjór (frá 11 löndum). Það er gott að skoða fjölda tegunda í samhengi við sölu, en 20 söluhæstu bjórtegundirnar standa undir 2/3 af allri bjórsölu Vinnbúðanna.

Í sumar buðum við í fyrsta skipti upp á margnota umhverfisvæna burðarpoka. Er það liður í að minnka notkun á plastburðarpokum, en árlega selja Vinnbúðirnar yfir tvær milljónir slíkra poka. Viðtökurnar á margnota pokunum eru fram úr væntingum, enda þarf ekki að kaupa marga plastpoka til að margnota pokinn sé farinn að borga sig. Það er von okkar að viðskiptavinir sjái sér hag í því að skipta yfir í margnota poka úr plastpokum og saman getum við þannig unnið að því að bæta umhverfi okkar.

Einar S. Einarsson

framkvæmdastjóri sölu- og þjónustuviðs



Nýir vínráðgjafar bætast í hópinn

Í júlí voru tveir vínráðgjafar formlega útskrifaðir með alþjóðlega gráðu frá WSET háskólanum í London. Það eru þeir Egill Jónasson, Vínbúðinni Heiðrúnu, og Gísli Guðmundsson, Vínbúðinni Skeifunni.

Starfandi vínráðgjafar og vinsérfræðingar eru því orðnir 11 talsins.

Á vinbudin.is er hægt að sjá hvar og hvenær vínráðgjafarnir eru á ferðinni í Vínbúðunum. Við óskum þeim Agli og Gísla til hamingju með áfangann og bjóðum þá velkomna í vínráðgjafahópinn.

FJÖLDI VIÐSKIPTAVINA Í VÍNBUÐUM VIKUNA FYRIR VERSLUNARMANNAHELGI (Í ÞÚS.)

	2011	2010	Breyting %
Mánudagur	10,3	10,4	-1,2%
Þriðjudagur	11,0	11,9	-7,6%
Miðvikudagur	14,2	16,5	-13,6%
Fimmtudagur	20,8	21,6	-3,6%
Föstudagur	39,7	43,8	-9,2%
Laugardagur	20,7	20,1	2,9%
	116,7	124,2	-6,0%

Verslunarmannahelgin í Vínbúðunum

Sala áfengis í vikunni fyrir verslunarmannahelgi var tæplega 11% minni í lítrum talið en í sömu viku fyrir ári. Samtals seldust 662 þúsund lítrar af áfengi í ár en í sömu viku í fyrra seldust 744 þúsund lítrar. 6% færri viðskiptavinir komu í Vínbúðirnar þessa viku en sömu viku í fyrra, tæplega 117 þúsund á móti 124 þúsund árið 2010. Færri viðskiptavinir komu í Vínbúðirnar mánudag til föstudags. Einungis á laugardeginum komu fleiri viðskiptavinir í ár en í fyrra.

Föstudagurinn fyrir verslunarmannahelgi er venjulega einn annasamasti dagur ársins í Vínbúðunum og sá síðasti var þar engin undantekning. 39.700 viðskiptavinir komu í Vínbúðirnar þann dag á meðan 43.700 heimsóttu Vínbúðirnar sama dag fyrir ári, eða rúmlega 9% færri viðskiptavinir.

Í Vínbúðinni Vestmannaeyjum komu um 2.570 viðskiptavinir föstudag og laugardag um verslunarmannahelgi í fyrra, en í ár heimsóttu um 2.127 viðskiptavinir Vínbúðina, eða 17,2% færri viðskiptavinir. Á Akureyri komu um 4.848 viðskiptavinir sömu daga fyrir ári en 4.759 í ár eða 1,8% færri viðskiptavinir. Hins vegar komu 6% fleiri viðskiptavinir í Kringluna þessa sömu daga miðað við árið í fyrra og 11% fleiri í Smáralind.



Umhverfisvænir pokar í Vínbúðunum

Nú geta viðskiptavinir valið um að kaupa margnota burðarpoka í Vínbúðunum á 150 kr. í stað plastpokanna.

Árlega kaupa viðskiptavinir Vínbúðanna um 2,2 milljónir plastburðarpoka en nú geta þeir sem vilja vera umhverfisvænir nýtt sér þessa frábæru poka aftur og aftur.

LJÓÐS, LÉTT OG SVA SAMKVÆMIS

Sennilega er Þýskaland þekktara fyrir bjór og bratwürst en borðvín, nema þá helst fyrir ódýr hálsæt hvítvín sem seljast langt umfram önnur hvítvín í Vínbúðunum samkvæmt ársskýrslu ÁTVR. Þessi hálsætu hvítvín virðast falla flestum Íslendingum vel í geð, þó margir telji sig yfir það hafna að drekka slík vín. Það er miður því mörg þeirra eru frábærir drykkir sem henta við ýmis tækifæri, sérstaklega þegar þarf að losa aðeins um málbeinið og jafnvel draga fram smá bros, en þau eru flest frábær kjaftavín.

Þýskar vínekrur liggja við endimörk vínheimsins og eru með þeim nyrstu í heimi.

Norðlæg lega ekranna gerir það að verkum að meira er framleitt af hvítum vínum en rauðum og hefur jafnframt áhrif á stíl vínanna. Um 71% af víngröðunum eru notaðir fyrir hvítar þrúgur en aðeins 29% undir rauðar.

Riesling þrúgan er mest ræktaða þrúgan í Þýskalandi, enda þolir hún kulda og frost betur en aðrar þrúgur og er því réttborin Snædrottning þrúguheimsins. Þeir sem hafa kynnst henni í hátíðarbúningi, það er að segja í sætvíni sem gert er úr eðalmygluðum eða frosnum þrúgum, skilja þetta mæta vel og bugta sig jafnvel og beygja þegar þeim hlotnast sá heiður að bera slíkan drykk að vörum sér. Vín úr Riesling þrúgunni geta verið alveg þurr og upp í dísæt, en hafa alltaf góðan skammt af sýru sem gerir vínin svolítið skörp og súr í bragði en alveg grettilega góð samt; það er að segja það er ekki laust við að maður fái smá sýrubros eftir sopa af þurru Riesling.

Þegar Riesling-vínin sýna sitt besta eru þau með ferska sýru, safarík, blómleg, steinefnakennd og með gott sambland af

léttleika og krafti. Næstum alltaf má finna ilm og bragð af sítrus, eplum, blómum og hunangi. Einnig koma upp ávextir eins og ferskjur og apríkósur. Olíukeimur, sem oft er áberandi, kemur yfirleitt með aldrinum, en þó eru til vín sem fá þennan karakter strax. Vín úr þessari þrúgu eru frábær matarvín; hvort sem þau eru þurr eða hálsæt henta þau með smáréttum, smörrebröð, fiskréttum, súrsætum og krydduðum réttum, reyktum mat, ostum og eftirrétum. Geri aðrar þrúgur betur!

Müller Thurgau, önnur mest ræktaða hvíta þrúgan, er kynblendingur og lengi vel höfðu menn ætternið ekki á hreinu. Það var Svisslendingurinn Dr. Hermann Müller sem ræktaði saman Riesling og Madeleine Royale. Þrúgan gefur meira af sér en Riesling og þroskast fyrr, en aftur á móti eru vínin frekar bragðlítill og hafa minni sýru en Riesling, oft með blómlegan ilm og múskatkeim. Müller Thurgau er meðal

annars uppistaðan í hinu vinsæla og vel þekktu Liebfraumilch. Þurr hvítvín úr Müller Thurgau eru síðan oft markaðssett sem Rivaner.

Spätburgunder, sem gengur annars staðar undir nafninu Pinot Noir, er mest ræktaða rauða þrúgan. Eins og flestir vita er Pinot Noir eðalborin þrúga, enda er hún með afbrigðum viðkvæm, svona eins og prinsessan á bauninni og þarf mikla umhyggju, alúð og réttar aðstæður til að hún gefi af sér þau frábæru vín sem hún er þekkt fyrir. Sé aftur á móti ekkert af þessu til staðar verður útkoman slík að maður byði ekki einu sinni versta óvini sínum upp á því líkan drykk. Sem betur fer hendir það nú sjaldan. Hefðbundinn þýskur Spätburgunder er léttari, ljósari og

LANDI LJÓN

mildari en franskri ættinginn Pinot Noir frá Bourgogne. Margir þýskir framleiðendur eru þó farnir að framleiða vín í kröftugri stíl, dekkri á lit og bragðmeiri með flóknari ilm og bragðflóru. Þessi vín eru í háum gæðaflokki og verðið eftir því, en gæða Pinot Noir er aldrei ódýrt.

Þýsk rauðvín úr Spätburgunder eru ekki fáanleg í Vínbúðunum, en þrjár aðrar rauðar þrúgutegundir eru til sölu um þessar mundir, þær eru Trollinger, vín með léttu fyllingu og lítil tannin sem ekki ómerkari maður en Martin Luther á að hafa látið renna niður kverkar sér. Portugieser eru vín með litla fyllingu, milda síru og sætkennan berjaávöxt.

Að lokum er svo þrúgan Dornfelder nýjasta tegundin í þýskri rauðvínsflóru sem á auknum vinsældum að fagna, í Þýskalandi að minnsta kosti. Dornfelder kom í heiminn 1955 og er enn ein þrúgan sem varð til vegna þeirrar áráttu mannsins að reyna að betrubæta verk náttúrunnar. Þrúgan

gefur af sér dekkri og litmeiri vín en aðrar þýskar þrúgur og má ætla að hlutverk hennar hafi í fyrstu verið að hressa upp á hin frekar litlausu þýsku rauðvín. Í dag hefur þrúgan þó sannað að hún getur staðið ein og sér og gefið af sér vín með meðalfyllingu, þéttan lit og berjaríkan ávöxt. Þau vín sem eru í hillunum í dag eru prýðileg með léttum mat, ljósu grilluðu kjöti og jafnvel reyktu.

Yfirleitt er það léttleikinn sem einkennir þýsk vín, þau eru vel til þess fallin að léttu manni lundina og gleðjast í góðra vína hópi.

Októberfest



Á hverju ári er frægasta hátíð Þýskalands, Októberfest, haldin í München í Þýskalandi. Það fyrsta sem kemur upp í hugann hjá flestum þegar hana ber á góma er bjór, enda gegnir hann stóru hlutverki á hátíðinni og þar er borinn fram sérstakur bjórstíll kenndur við hátíðina, sem bjórframleiðendur víða um heim apa síðan eftir bjórgerðarmönnum svæðisins. Eitt það undarlegasta við Októberfest er að hún er ekki haldin í október, en það á sér einfalda skýringu; veðrið er einfaldlega betra í september og því var henni flýtt. Reyndar eru síðustu dagar hátíðarinnar í október, en lokadagur þessarar sextán daga hátíðar er fyrsti sunnudagur októbermánaðar. Frá því að Austur- og Vestur Þýskaland voru sameinuð hefur hátíðin þó verið lengd um einn eða tvo daga ef sunnudaginn ber upp á fyrsta eða annan dag mánaðarins til að sameiningardagurinn þriðji október sé alltaf með. Októberfest er tilkomin vegna mikillar hátíðar þann tólfta október 1810 þegar Ludwig krónprins og Theresa von Sachsen-Hildburghausen gengu í hjónaband. Öllum borgarbúum var boðið til veislunnar og heitir svæðið sem hátíðin er haldin á Theresienwiese, eða Theresuengi, eftir krónprinsessunni. Miklar kappreiðar voru haldnar og menn vildu endurtaka þær árið eftir sem varð kveikjan að þessari árlegu hátíð, en kappreiðarnar eru þó ekki lengur hluti af hátíðarhöldunum. Skrúðgöngur setja svip sinn á hátíðina, en hún hefst á skrúðgöngu eigenda bjórtjaldanna sem flykkjast á svæðið ásamt afgreiðslufólki og hljómsveitum bjórtjaldanna, og eru allir í sínu fínasta pússi. Á hádegi fyrsta daginn er hleypt af byssum og við mikla viðhöfn slær borgarstjórinn tappann úr fyrstu bjórtunnunni. Í hinum ýmsu skrúðgöngum má sjá fólk í þjóðbúningum, ríffilbera, hreinræktaða hesta, uxa og vagna í kjötkveðjustíl svo eitthvað sé nefnt. Í fyrstu var boðið upp á bjór á nokkrum básum á svæðinu, en básunum var fjölgað ár frá ári til að anna eftirspurn. Árið 1896 voru

bjórtjöldin tekin í notkun og stóðu þá aðalsmenn og bjórframleiðendur að þeim, en bjórtjöldin eru eitt af aðalsmerkjum Októberfest. Klassíski bjórstíllinn sem borinn er fram á Októberfest, er ýmist kallaður Oktoberfest eða Märzen, eftir marsmánuði þegar hann er bruggaður. Hér áður fyrr var mars lokamánuður bruggtímabilsins og bjórinn sem þá var bruggaður þurfti að lagerast yfir sumarið og var þá tilbúinn til neyslu í september. Bjórinn hefur breyst mikið í gegnum tíðina; hann var upphaflega dökkur, eins og flestir bjórar á þeim tíma, en árið 1872 kom fram bjór í Vínarstíl, rafgullinn á lit, sem lengst af var staðallinn fyrir bjór hátíðarinnar. Í dag hefur bjórinn verið aðlagður að alþjóðlegum smekk og er orðinn ljós á lit og hefðbundna áfengisprósentan, 5,5 - 6%, hefur verið lækkuð um hálf prósent. En bjórinn á nú, sem áður, að vera bragðþéttur með mjúkt maltbragð og litla humlabeiskju. Að meðaltali heimsækja rúmlega sex milljónir manna Októberfest, en sum ár allt að sjö milljónir. Um 72% gestanna eru frá Bæjaralandi og um 15% eru útlendingar, en fólk ferðast allsstaðar að úr heiminum, jafnt frá nærliggjandi löndum sem Austurlöndum fjær, til að vera viðstaddir þessa skemmtilegu hátíð.



Magnús Traustason
vínráðgjafi

ÞÝSKAR MATARHEFÐIR

Pegar talað er um þýskan mat dettur manni strax í hug svínakjöt, pylsur, súrkál. Þýskur matur er þó fjölbreyttur og oft undir áhrifum frá nágrannalöndunum en gjarnan aðlagður, eins og Swabian Maultache (matarpoki) sem líkist ofvöxnu Ravioli. Annað sem einkennir þýska eldhúsið er hefðin að nota bjór í matargerðina bæði sem kjötmeyri og bragðgjafa.

Framleiddar eru riflega 1600 tegundir af pylsum í Þýskalandi og má skipta þeim gróflega í 3 flokka. Rohwurst (hrápylsur) þar sem hráefnið er hrátt og gjarnan smástykkjað. Til þess flokks teljast einnig hinar ýmsu reyktu og loftþurrkuðu pylsur. Annar flokkurinn er Brütwurst sem er meira meðhöndlað hráefni gjarnan hakkað og hálfeldað. Að lokum er það Kochwurst eða fülleldaðar pylsur. Það er gleðiefni að stórmarkaðir á Íslandi hafa aukið úrval af góðum pylsum og hér hafa jafnvel opnað sérverslanir sem selja eingöngu pylsur.

Sú mynd sem margir hafa af þýskum skyndibita er eflaust pylsa og súrkál borin fram í brauði eða með góðu kartöflusalati og sinnepi, sem er nokkurskonar þjóðarréttur. Það sem þó gerir þessa pylsueldun sérstaka er að nota bjór (gjarnan dökkan) til að fá meiri bragðdýpt og mýkt. Gaman er að grilla þessar nýju tegundir af pylsum og sniðugt er að hafa álbakka á grillinu með smá bjór í þar sem pylsan liggur í eftir grillun og hitnar í gegn og tekur smá bragð nammi namm....

Súrkálið er síðan alveg sérþýskt en það er rífið kál saltað og látið gerjast í nokkurn tíma undir fargi. Súrkálið er mikið notað sem meðlæti með þýskum mat og hjálpar til við niðurbrot fitu og meltingu svínakjötsins.

Svínaskankar eru til sem hversdagsmatur og uppi það að vera hátíðaréttur sem soðinn er í kampavíni. Hér er einföld uppskrift að svínaskönkum sem allir ættu að geta eldað:

BJÓRELDAÐIR SVÍNASKANKAR

2-3 svínaskankar

Bragðmikill bjór, gjarnan aðeins dökkur (má nota pilsner)

Salt og pipar eftir smekk

Aðferð: Skankarnir eru settir í ofnfast fat og saltaðir og pipraðir. Síðan er hellt yfir skankana úr einni bjórflösku og ofninn stilltur á 175 gráður og rétturinn eldaður í ofni í 4 tíma. Soðið er bragðbætt með svínakrafti ef þarf, kyddað eftir smekk og þykkt með smá sósupykkni. Borið fram með nýjum kartöflum, smá grænmeti og súrkáli (fæst tilbúið í pokum í betri stórmörkuðum).

Njótið vel!

Júlíus Steinarsson
vínráðgjafi



FRÉTTIR ÚRVÍ

ÁSTRALSKIR VÍNFRAMLEIÐENDUR ERU AÐ GEFAST UPP

Staða ástralskrar víngerðar hefur hríðversnað á síðustu árum. Þar er margt sem spilar inn í. Uppskeyra og framleitt magn hefur verið allt of mikið og vínin hafa ekki verið samkeppnisfær undanfarnin ár vegna gríðarlega sterkrar stöðu ástralska dollarsins. Ofan á þetta hefur síðan bæst að vatnsskortur á ákveðnum svæðum hefur valdið vínframleiðendum erfiðleikum. Það er því eins og að ástralskir víngerðarmenn séu stanslaust með vindinn í fangið.

Stutt er síðan bandaríska risafyrirtækið Constellation seldi frá sér alla víngerð í Ástralíu, með gríðarlegu tapi. Þeir prísá sig þó sæla í dag fyrir að hafa gert þetta, þar sem þeir komu þar með í veg fyrir áframhaldandi rekstrartap síns fyrirtækis. Auðvitað þurftu þeir þó að afskrifa miklar eignir þegar selt var á sínum tíma.

Nú berast þær fréttir að í Vestur-Ástralíu, nánar tiltekið á svæði er kallast Margaret River, sé staðan orðin það slæm að vínbændur séu að hætta starfsemi og það sé tilkomið vegna þess að enginn vill kaupa af þeim vínberin. Hinir stóru vínframleiðendur á svæðinu segjast ekki hafa not fyrir alla þessa uppskeru þar sem þeir hafi farið halloka í samkeppni við vín frá öðrum löndum á heimsmarkaði. Þeir benda á gríðarlega afslætti og ódýrari vörur í hillum um allan heim. Eftirspurnin eftir góðum áströlskum vínunum frá Margaret River sé hreinlega að hverfa.

Bændur sem nú reyna að selja landareignir sínar fá ekki nándar nærri nauðsynlegt verð fyrir jarðir sínar og flosna hreinlega upp, eða leigja stóru fyrirtækjunum jarðir sínar bara til þess að losna undan því að tapa öllu sínu.

En hvað á þá til bragðs að taka? Vonin í dag virðist liggja í því að kínverskir fjárfestar komi inn á markaðinn og kaupi þessar landareignir til þess að framleiða vín fyrir sinn heimamarkað, en hann er ört stækkað. Hópar kínverskra fjárfesta hafa verið á ferðinni í Margaret River undanfarið og eru nú þegar búnir að kaupa nokkra vínbúgarða. En hafa Kínverjarnir endalaust fjármagn, eða á efnahagsbólun bara eftir að springa þar?

AUSTURRÍSKAR VÍNGERÐARKONUR Í ÁTAKI

Nú hafa framleiðendur víns í Austurríki hrundið af stað nýstárlegu markaðsátaki. Í lauslegri þýðingu þá kallast þetta átak „Dagatal ungra víngerðarkvenna 2012“. Hvað skyldi nú felast í því?

Átakið gengur út á að höfða til karlmanna (að sögn ritstjórans) með því að mynda þessar ungu víngerðarkonur við störf sín í glæsilegum undirfatnaði. Það er ekki laust við að maður hafi heyrt um þessa hugmynd áður en þá annarsstaðar frá. En hver veit nema þetta skili auknum áhuga karla um allan heim fyrir austurrískum vínunum? Við skulum bara rétt svo vona það!

HVER ER BESTA VÍNSÝNING HEIMS?

Nú eru allar helstu vínsýningar ársins að baki og hafin er umræða um hver þeirra sé best. Það er nú svo að hverjum þykir sinn fugl fagur og ekki eru allir á sama máli hvað þetta varðar.

Sú sýning sem sífellt er að verða sterkari, er sýning í Þýskalandi er kallast Prowein. Hún var stærri í ár en nokkru sinni fyrr og Þjóðverjar telja sig því orðna besta í þessu. Þeir eru algerlega vissir um að þetta sé orðin faglegasta og besta sýningin á heimsmarkaði. Nú er það svo að nokkrar aðrar sýningar hafa verið mjög öflugar í gegnum tíðina og þar fer fremst í flokki Vinexpo í Bordeaux, sem hingað til hefur ávallt verið talin helsta vínsýning heims. Vinexpo er haldin annað hvert ár í

Bordeaux og síðan hitt árið í Hong Kong og kallst þá Vinexpo Asia. Aðrar stórar sýningar eru síðan Vin Italy í Verona á hverju vori og svo er London Winefair haldin þar árlega.

En svona til gamans þá skulum við aðeins skoða hvað menn hafa um þessar sýningar að segja. Framkvæmdastjóri Prowein lét hafa eftir sér að hans sýning hafi sýnt það í ár að hún sé orðin stærsta og öflugasta vínsýning heims. Bæði fjöldi gesta og sýnenda hafi sýnt fram á það. Sýningarstjóri London Winefair svarar þessu með því að segja að til þess að skoða þýsk vín sé gott að fara á Prowein og til þess að skoða ítölsk vín sé gott að fara á Vinitaly í Verona. Ætli menn hinsvegar að fá góða yfirsýn yfir það sem sé að gerast á heimsmarkaðinum þá eigi þeir að koma á London Winefair. En hvernig svara Frakkarnir svona ummælum? Yfirmaður Vinexpo er ekki í vandræðum með að svara þessu og segir fullum fetum að á þessum litlu sýningum í Þýskalandi, Bretlandi og á Ítalíu mæti bara litlu karlarnir. Hann fullyrðir að stóru karlarnir mæti allir á Vinexpo og á básunum þar sé hægt að hitta þessa stóru karla sem ráði öllu og geti tekið ákvarðanir á staðnum. Á hinum sýningunum eru þá væntanlega bara einhverjar undirþyllur sem engu ráða og verða að fara heim eftir sýningu til þess að leggja fyrir sína yfirmenn öll mál, stór og smá.

Já hverjum þykir sinn fugl fagur!

HEIMINUM

HVERJIR ERU STÆRSTIR Í BRENNDUM DRYKKJUM?

Það er forvitnilegt að skoða hver eru mest seldu vörumerkin í sterkum brenndum drykkjum. Það sem er þó áhugaverðast við það er að skoða annarsvegar staðbundna vöru og svo hins vegar þessi stóru vörumerki sem við öll þekkjum.

Efst á listanum yfir söluhæstu brenndu drykkina á heimsvísu trónir nefnilega drykkur sem við ekki þekkjum hér á landi. Það er drykkur er kallast Jinro og er svokallað Soju. Soju er brenndur drykkur framleiddur í Kóreu. Hann bragðast nokkurn veginn eins og vodka, en munurinn liggur aðallega í því að Soju er yfirleitt sætara en vodka, þar sem sykri er bætt við spírann eftir eimingu. Þessi drykkur hefur náð ótrúlegri sölu um alla Asíu og reyndar víðar. Það er svo að salan á Jinro Soju er næstum því þreföld á við það vörumerki sem næst er á heimslistanum, en það er hið heimspekta vodka Smirnoff.

Ef við skoðum síðan áfram niður heimslistann þá er í þriðja sæti annað Soju sem kallast Lotte Liquor, fjórða sæti vermir síðan Cachaca (brasilískt romm), í fimmta sæti er Bacardi romm, í sjötta sæti er Tanduay romm, sjöunda sætið skipar Bagpiper (indverskt viski), það áttunda Officer's Choice (indverskt viski), níunda sætið vermir Johnnie Walker og það tíunda McDowell's (indverskt viski).

Af þessu má sjá að meðal söluhæstu sterkra drykkja heims eru mörg staðbundin vörumerki í Asíu, drykkir sem við þekkjum ekki neitt.

Að lokum er gaman að geta þess að gæðadrykkurinn koníak kemst ekki inn á topp 20 á heimslistanum. Mest selda koníakið í heiminum nær einungis 44. sæti heimslistans en það er hið fræga vörumerki Hennessy.

VIRTUR FRANSKUR VÍNFRAMLEIÐANDI LEITAR AÐ LANDI UNDIR VÍNGERÐ Í ENGLANDI

Það hefði einhvern tímann þótt saga til næsta bæjar ef það hefði spurst út að franskur vínframleiðandi væri að leita að hentugu landi til víngerðar á Bretlandseyjum. En þetta er að gerast þessa dagana, þar sem sést hefur til Michel Chapoutier, eins af virtustu framleiðendum í Rónardalnum, á ferð um Bretlandseyjar að leita að hentugu landssvæði til víngerðar.

Michel fullyrðir að með áframhaldandi hlýnun jarðar muni Bretland koma sterkt inn sem víngerðarland á komandi áratugum. Það er nú svo að fyrir einhverjum 20 árum síðan þótti Bretland ekki vænlegt til víngerðar. Þær tilraunir sem þar voru í gangi skiluðu ekki vínnum sem þóttu standast gæðasamanburð við vín annarra Evrópulanda. Það voru helst létt og bragðlítill freyði- og hvítvín sem þá voru framleidd. Breskur víniðnaður hefur nú vaxið mikið á síðasta áratug og vínin hafa batnað með hverju árinu sem líður. Það að Michel Chapoutier er að leita sér að hentugu landi til víngerðar á Bretlandseyjum mun vekja enn frekar athygli á vínframleiðslu landsins.

VÍNUPPSKERA Í FRAKKLANDI ÓVENJU SNEMMA Á FERÐINNI

Þann 17. ágúst síðastliðinn hófst uppskera í Bordeaux. Þetta er óvenju snemmt fyrir þetta ágæta hérað, en veðurfar í vor og sumar hefur gert það að verkum að uppskeran er óvenju snemma á ferðinni. Bordeaux er ekki eina héraðið sem verður snemma á ferðinni heldur virðist þetta vera að gerast á flestum hinna þekktu víngerðarsvæða Frakklands.

Þetta er auðvitað ein afleiðinganna af hlýnandi veðurfari í heiminum. Veðurspáin fyrir Bordeaux hljómar til dæmis þannig að síðustu vikurnar í ágúst verði einstaklega heitar með um og yfir 30 stiga hita á degi hverjum. Þetta flýtir mikið fyrir þroska berjanna og mun að lokum leiða til þess að vínuppskera þessa árs verður óvenju há í áfengismagni, nema þá að búgarðar héraðsins komi sinni uppskeru í hús fyrr en dæmi eru til um. En aðalatriðið fyrir alla er þó að næstu vikur verði án rigninga, þar sem að gott, heitt og þurr veður skilar ávallt bestu árgöngunum.



Gissur Kristinsson
vínráðgjafi

FROÐUSNAKK OG FRAMANDI BLÖNDUR

Kokteilar með girnilegri froðu ofan á hafa skotið upp kollinum að undanfögnu. Froðan gerir kokteilinn ekki bara girnilegri fyrir augað heldur er þetta einnig skemmtileg viðbót fyrir bragðlaukana. Margir hafa eflaust velt því fyrir sér hvernig froðan sé gerð. Það er reyndar ósköp einfalt að gera bragðgóða froðu á kokteila, ein aðferðin er að setja eins og eina barskeið af eggjahvítu út í blönduna og hrista eða blanda í mixer. Þá myndast froða sem sest ofan á kokteilinn eftir smá stund og eggjahvítan gerir kokteilinn einnig mýkri. Önnur skemmtileg aðferð, og flottari, er að notast við rjómasprautur fyrir gashylki en með þeim er hægt að ná fram froðu með margskonar bragði og lit. Fyrir utan sprautukönnuna þarf eggjahvítu, sykur, sítrónusafa og það bragðefni sem óskað er eftir, í kokteilinn hér að neðan var notast við jarðarber. Líkjörar eru oft notaðir bæði með öðrum bragðefnum og einir sér. Oftast er froðan höfð með svipuðu bragði og kokteilinn, en það er einnig skemmtilegt að skapa andstæður í bragði og auka þannig á bragðflóru drykkjarins.



JARÐARBERJA MARTINI MEÐ SLÖRI

4 cl vodka
3 jarðarber
1 cl Crème de Cassis
1 cl sítrónusafi
1 tsk flórsykur
Skreyting: Jarðarberjafroða

Hráefnið í kokteilinn er hrist vel saman í kokteilhristara með klaka, sigtað, hellt í Martiniglas og froðunni sprautað yfir. Einnig má sprauta froðunni fyrst og hella kokteilnum svo yfir, þá lyftist froðan upp.



ÁVAXTABOLLA

1 l gin eða vodka
6 l Seven up
1 poki frosin hindber ca 400 g
2 sítrónur skornar í smábíta
2 appelsínur skornar í smábíta
½ melóna skorin í smábíta

Hafið allt vel kælt og blandið síðan öllu saman í bolluskál. Berið klaka fram í sér skál; ef klakinn er settur strax út í er hætt við að bollan verði fljótt vatnskennd. Þessi uppskrift dugar í um 50 drykki.



VATNSMELÓNU MAI TAI

Fyrir 8
500 g vatnsmelóna, börkurinn og fræin tekin frá, skorin í bita.
12 cl ananassafi
12 cl ljóst romm
6 cl Triple sec
1 tsk grenadine
Mulinn ís

Setjið allt í blandara með klaka og blandið vel. Látið mulinn klaka í glös og hellið blöndunni yfir klakann. Óáfenga útgáfu af drykknum má gera með því að sleppa alkóhólinu og tvöfalda magnið af ananassafanum.

FROÐA FYRIR KOKTEILA

1 ½ dl eggjahvíta (ca. 3-4 hvítur).

Athugið að hægt er að fá gerilsneiddar eggjahvítur í matvöruverslunum.

1 ½ dl jarðarber (ca. 8 meðalstór jarðarber)

4 msk sykur

Safinn úr einni sítrónu

1 ½-2 dl vatn (má sleppa)

notað til að drýgja og milda bragð því bragðið í froðunni á ekki að yfirgnæfa kokteilinn.

Aðferð:

Jarðarberin eru maukuð og sigtuð í gegnum fínt sigti, þá er sykri bætt saman við og hrært vel í. Blandan er síðan sett í sprautukönnuna og sítrónusafinn ásamt eggjahvítunni þar í, ég setti svo smá vatn til að fá meira magn af froðu. Sprautukönnunni er svo lokað og hún hrist, því næst er fyllt á könnuna með gashylki; til að fá þéttari og stabílli froðu hristir maður könnuna og bætir öðru gashylki við og hristir aftur. Gott er að láta sprautukönnuna í kæli í 30 mín. fyrir notkun.



RIFSBERJA COSMO

3 cl rifsberjasafi eða saft

3 cl vodka eða gin

2 cl appelsínulíkjör

1 cl límónusafi

Allt hrist saman og sett í kokteiglið, skreytt með rifsberjum. Hægt er að útbúa rifsberjasafa með því að merja fersk rifsber í gegnum fínt sigti.



ÓÁFENGUR VATNSMELÓNU KOKTEILL

Fyrir 8

1 l Sprite

2 bollar vatnsmelóna,
skorin í litla teninga.

grenadine

Skiptið melónubitunum í 8 glös með muldum klaka, setjið eina teskeið af grenadine yfir og fyllið upp með Sprite eða Seven-up og hrærið vel í.



Páll Sigurðsson
vínráðgjafi

HUMLAR

OG MALT

Blóm klifurjurtarinnar humals gefur björnum beiskju en krydda hann einnig og gefa honum ilm sem getur minnt á greni, gras, laufkrydd, yfir í keim af sítrus eða jafnvel suðrænum ávöxtum, allt eftir því hverjar af hinum fjölmörgu tegundum humla eru notaðar.

Bygg er bleytt og látið spíra, en það kallast malt eftir að það hefur verið ristað til að þurrka það. Það er einmitt mismunur á þessari ristun sem ræður hversu dökkt maltið er og hversu mikið ristað bragð það gefur björnum. Bjórnarnir geta haft hreinan kornilm, yfir í ristaðan, hnetukenndan keim, sem endar að lokum í brenndum eða jafnvel sviðnum tónum.

Björum má svo skipta í tvo flokka eftir því hvort þessara meginhráefna er meira áberandi í bragði bjórsins. Auðvitað hafa flestir bjórar humla og malt í einhvers konar jafnvægi, sama hvort þessara hráefna er svo meira áberandi. Þeir bjórar sem eru aðallega maltaðir hafa oftast einhverja sætu, karamellukeim og mykt, meðan maður finnur ekki eins fyrir sætunni í björum sem eru meira humlaðir og beiskur, kryddaður og jafnvel grösugur keimur ræður ríkjum.

Ólíkt vinum er hægt að gera hvernig bjór sem er, hvar sem er, en einmitt þess vegna hafa hundruð svokallaðra bjórstíla þróast gegnum aldirnar og eru enn að þróast. Nöfn eins og Pale ale, Weissbier, Pilsener, Mild, Lambic, Kölsch og Schwarzbier eru nöfn á stílum bjórs, sem gjarna hafa þróast út frá hefð á tilteknu svæði, en hver stíll hefur sín einkenni og sitt einstaka bragð.

Langsamlega söluhæsti stíll bjóra, ekki bara á Íslandi heldur víðast í veröldinni, er ljós lagerbjór. Gjarna mjög mildir og einkennalítill og væri hægt að líkja þeim við hvítt brauð eins og franskbrauð, ciabatta og baguette. Bjórnarnir, eins og


brauðin, geta verið mjög góðir en eru kannski ekki það bragðmesta sem maður kemst í tæri við og fjölbreytni þeirra er á fremur þröngu sviði. Reyndar eru til undirflokkar af þessum stíl, en helst er að nefna Pilsener og Bock sem báðir eru talsvert grösugri af aukinni humlanotkun og sá síðarnefndi talsvert maltmeiri en venjulegur lager. Einnig er gaman að dekkri lagerbjörum, t.d. Vínarstíl eða Schwarzbier, þar sem mikið ristaður keimur er áberandi og jafnvel slær fyrir lakkristónum.

Bresku ölin eru gjarna gosminni en önnur en breiddin er ótrúleg. Pale ale mjúkan maltgrunn og áberandi humla, sérstaklega í India pale ale, eða IPA, sem eru talsvert beiskir. Brown ale eða Mild er gjarna ljósbrúnn á litinn og er, eins og nafnið bendir til, mjög mildur bjór. Porter og Stout eru alltaf dökkir á lit, með áberandi ristaða tóna, en fara frá þurrum léttum írskum stout yfir í niðþunga og oft talsvert sæta „Imperial“ drykki.

Belgisku ölin hafa gjarna lítinn humlakeim, en eru oft kryddbætt og eru negull, kóriander og sítrusbörkur algeng krydd í þessum björum. Léttir og frísklegir Wit, eða belgiskur hveitibjór með sinn einkennandi kryddtón. Trappist munkareglan bruggar maltmikla og þétta bjóra með stigvaxandi maltmagni. Súrir Lambic bjórar og Rauðöl, gerjaðir fyrir tilstilli sjálfkviknaðrar gerjunar, með villtu geri sem finnst í andrúmsloftinu á heimaslóðunum.

Ekki finnst lengur mikið af „öðruvísi bjór“ í Þýskalandi, en þó verður að minnast á Altbier og Kölsch, svalandi bjóra með mjúkristað malt og nokkuð grösugan humlakarakter. Weissbier eða Þýska hveitibjörnum má ekki gleyma, en þessi stíll hefur verið nokkuð vinsæll enda talsvert öðruvísi, án þess að vera of krefjandi. Hveitibragðið á að vera áberandi, en oft má finna negul og bananakeim af þessum björum.

Þetta var engan veginn tæmandi úttekt á bjórflóru heimsins og var það svo sem ekki ætlunin, heldur frekar tilraun til að vekja athyli á því að fjölbreytnin er mikil og að það er algjör óþarfi að vera feimin(n) að prófa eitthvað nýtt.



HUMLAR OG MALT ERU
MEGINHRÁEFNIN Í BJÓRGERÐ.
VATN ER VISSULEGA
LANGSTÆRSTA HRÁEFNIÐ,
MEÐ UM EÐA YFIR 90% AF
HEILDARHLUTFALLI BJÓRSINS,
EN MALT OG HUMLAR SKILA
LANGSAMLEGA MESTU Í
KARAKTER HANS.



FYRSTA ÖLVUNIN


Félagslegt samhengi fyrstu ölvunarinnar í lífi 15-19 ára framhaldsskólanema á Íslandi

Á síðustu 15 árum hefur öflugt forvarnarstarf verið rekið meðal nemenda í efstu bekkjum grunnskóla á Íslandi. Árangurinn hefur verið mjög mikill, jafnvel svo að eftir hefur verið tekið víða erlendis, og hefur Ísland skipað sér í ákveðið forsæti þegar kemur að árangri forvarna meðal unglunga á þessu aldursbili. Þessi góði árangur hefur komið til vegna þeirrar samstöðu sem tókst að skapa meðal flestra þeirra sem komið hafa að umönnun og uppeldi barna og unglunga undanfarin ár. Fjöldi rannsókna á málefnum barna og unglunga á mið- og efsta stigi grunnskóla sem hér hafa verið gerðar undanfarinn rúman áratug gefa raunsanna mynd af stöðu þessara mála. Þær sýna að umskipti hafa orðið í umhverfi unglunga á þessum tíma; unglingar verja nú meiri tíma en áður í skipulagt tólmundastarf, verja meiri tíma með foreldrum sínum og foreldrar eru nú virkari þátttakendur í lífi barna sinna en þeir voru áður. Síðast en ekki síst hefur afstaða fólks til vímuefnaneyslu unglunga breyst á þessum tíma og sýnt okkur að unnt er að ná árangri í forvarnarstarfi ef rétt er á spilum haldið og sem flestir láti sig málið varða. Starfið hefur þó á þessum tíma einkum og aðallega beinst að nemendum í efstu bekkjum grunnskóla. Vímuefnaforvarnir meðal eldri ungmenna hafa hlotið minni athygli og afstaða fólks til vímuefnaneyslu þeirra, eftir að í framhaldsskóla kemur, hefur ekki verið eins afgerandi og meðal þeirra sem yngri eru. Á þessu er þó að verða breyting og foreldrar, skólalæknendur, kennarar, forvarnafulltrúar framhaldsskólanna, foreldraráð og aðrir sem starfa með og fyrir unglunga 16 ára og eldri, hafa æ oftar látið í sér heyra um að unglingadrykkju meðal þessa aldurshóps eigi ekki að láta óáreiða og að efla beri forvarnarstarf meðal þessa aldurshóps. Þeir hafa að sama skapi lýst yfir áhyggjum af því að margir unglingar virðist byrja að neyta áfengis sumarið eftir 10. bekk; þá sé eins og foreldrar minnki oft eftirlit og tíma með börnum sínum, slaki á kröfum og margir foreldrar verði óöruggir með hve mikið eftirlit sé „eðlilegt“ að hafa með unglungum eftir að grunnskóla lýkur.


Til þess að átta okkur betur á stöðunni í þessum aldurshópi er mikilvægt að skoða vandlega hvað gerist á þessum tíma. Vísindamenn Rannsóknna & greiningar við Háskólann í Reykjavík unnu skýrslu fyrir á þessu ári með það að markmiði að kanna tíðni, breytingar og félagslegt samhengi

fyrstu ölvunarinnar í lífi ungmenna á framhaldsskólaaldri. Þessi grein er útdráttur úr þeirri skýrslu, en hana má nálgast í heild sinni á vef Rannsóknna & greiningar, www.rannsoknir.is.


VALDAR NIÐURSTÖÐUR



MYND 1. Tíðni unglunga í fæðingarágöngum 1988, 1991, og 1994 sem höfðu orðið ölvaðir einhvern tíma um ævina í 10. bekk í febrúar/mars og 1. ári í framhaldsskóla í október/nóvember árin 2004, 2007 og 2010.



MYND 2. Hlutfallsleg hækkan á tíðni fæðingaráranganga 1988, 1991 og 1994 sem verða ölvaðir á milli 10. bekkjar og framhaldsskóla, árin 2004, 2007 og 2010.



MYND 3. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema (árgangar 1991-1994) haustið 2010 sem segjast hafa orðið ölvaðir í fyrsta skipti „eftir að ég byrjaði í framhaldsskóla“.

Samkvæmt tölum frá Hagstofunni þá hefja um og yfir 95% þeirra sem ljúka námi í 10. bekk nám í framhaldsskóla haustið eftir. Sökum þessa má gera ráð fyrir, með hæfilegum fyrirvara, að breytingar á tíðni atburða í 10. bekk, s.s. ölvunardrykkju, í febrúar/mars og fram á fyrsta ár í framhaldsskóla í október/nóvember, endurspegli breytingu á tíðni þeirra í þýðinu öllu.

Á mynd 1 kemur fram sú breyting sem verður á hlutfalli nemenda í 10. bekk nema í framhaldsskólum landsins sem segjast hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftar um ævina. Eins og sjá má er ætíð um aukningu að ræða á milli þessara tveggja tímamarkna, hvort sem breyting er metin fyrir árgang 1988 árið 2004, árgang 1991 árið 2007 eða árgang 1994 árið 2010. Hins vegar kemur einnig fram að tíðni ölvunardrykkju hefur lækkað yfir tímabilið frá 2004 til 2010 og á það bæði við um nemendur 10. bekkjar og 1. árs nema í framhaldsskóla. Mynd 2 sýnir einnig að þessi lækkan hefur ekki verið jafn mikil meðal nemenda á 1. ári í framhaldsskóla og í 10. bekk grunnskóla. Með öðrum orðum; hlutfallsleg breyting innan fæðingaráranganga á tíðni þeirra sem verða ölvaðir á milli grunnskólunnar og framhaldsskóla hefur aukist yfir tíma. Þannig er aukningin um 39% árið 2004 en um 58% árið 2010. Annað sem kemur fram í skýrslunni er að um og yfir 50% nemenda urðu fyrst ölvaðir á tímabilinu á meðan þeir voru í grunnskóla. Hins vegar má sjá á mynd 3 hvernig hlutfall þeirra sem segjast hafa orðið ölvaðir í fyrsta skipti um ævina eftir að þeir hófu nám í framhaldsskóla hækkað jafnt og þétt eftir því sem árunum í framhaldsskóla fjölga. Sér í lagi er aukningin áberandi á milli fyrsta og annars árs í framhaldsskóla. Þessar og aðrar niðurstöður skýrslunnar sýna svo ekki verður um villst að sú mikla forvarnarvinna sem unnin hefur verið meðal nemenda í efstu bekkjum grunnskóla þarf einnig að fara fram meðal nemenda í framhaldsskólum landsins.

Dr. Álfgeir Logi Kristjánsson, rannsóknarstjóri Rannsóknna & greiningar við Háskólann í Reykjavík



Í ÞÍNUM HÖNDUM

Íslenskar jurtir vaxa og dafna í hreinu lofti og ómenguðum jarðvegi. Þær hafa löngum verið notaðar til lækninga og matar, en ekki má gleyma ánægjunni sem þær veita með tilvist sinni; fegurð og angan. Hlúum að flórunni okkar og búum henni hin bestu vaxtarskilyrði.

Ál- og plastumbúðir á víðavangi eru mikil sjónmengun í náttúrunni. Með því að endurvinna umbúðir komum við í veg fyrir sóun á óendurnýtanlegri orku.

PÖÖRUN

BJÓRS OG MATAR

LJÓS LAGER

er bragðléttur og því bestur með léttum réttum og fínlegum mat, svo ekki sé talað um hina laufléttu Lite-bjóra, sem ganga eiginlega best með snakki. Kryddmeiri og beiskari frændinn Pilsener, er prýðilegur með fiski og gengur einnig vel í pasta og pizzur, en grösugleikinn tónar vel við laufkryddin í sósunni. Mildari Cheddar ostar eða milliproskaðir Gouda og Emmenthal eru finir með.

SVARTIR BJÓRAR

innihalda mikið af dökkristuðu korni sem gefur ristaða og brennda tóna í bjórinn. Írskur Stout, sem er fremur bragðléttur og þurr, gengur merkilega vel með skelfiski, en hann hentar líka vel með grillmat þar sem brennt bragðið tónar við bjórinn. Enskur Stout og Porter er þéttari og með mýkri maltsætu sem gerir það að verkum að hann þolir bragðmeiri mat og kryddaðri. Grillaður matur, villibráð og jafnvel sterkur matur ganga vel. Flestir proskaðir fastir ostar eru góðir og þeir mega alveg vera nokkuð lyktsterkir.

DÖKKUR LAGER

hefur mjúkan, ristaðan keim svo hann passar vel með ljósu kjöti, mexíkóskum mat og bökkum. Schwarzbier er mikið ristað afbrigði, getur gefið af sér kaffi, súkkulaði og lakkrístóna og hentar því best með grilluðum og brösuðum mat, þar sem brenndir tónar koma fyrir. Einnig harðostar og rauðmygluostar sem fara ekki alveg út í öfgar.

LJÓST ÖL,

eins og Blonde og Pale ale, eru fremur léttir bjórar með fínlegan kornkeim, stundum örlitla sætu og netta humlabeiskju og nokkurn steinefnatón. Þau eru góð með krydduðum (en ekki sterkum) mat, kjúklingi og borgurum, geitaostum og mildari föstum ostum. India pale ale (IPA) sem er bragðmeiri og beiskari, þolir meiri kryddhita og er því frábær með karriréttum. Ostarnir mega vera meira proskaðir og hann er ágætur með blámygluostum. Sterkari ljós öl, eins og t.d. belgískir Tripel, geta farið mjög vel með léttari villibráð og bragðmiklum og ilmsterkum geita- eða hvítmygluostum.

BOCK

er kraftmikill lagerbjór með þéttan maltgrunn sem gefur bjórnum nokkra sætu. Til eru ljósir bjórar og upp í koparrauða, en þeir henta vel með reyktum eða sterkrydduðum mat, grilli og bragðmiklum ostum. Doppelbock er þéttara og svolítið beiskara afbrigði sem er eins og skapað fyrir lyktsterka osta.

Pörun bjórs og matar byggir yfirleitt á sömu einföldu þumalputtareglum og pörun matar og víns, þ.e. létt með léttu, súrt með súru o.s.frv., en bjórnir hafa einnig beiskju sem gerir pörun með mat afar skemmtilega. Beiskjan dregur úr sætubragði, tónar vel með kryddum í matnum og gerir bjórnum kleift að tækla bragðmikinn mat. Eins og alltaf er smekkur manna misjafn og það sem einum þykir góð pörun, getur öðrum þótt slakt. Hér á eftir koma nokkrir punktar sem hafa reynst vel, sem ber frekar að taka sem leiðbeiningum en heilögum sannleika á meðan maður gerir sjálfur tilraunir. Hver veit, þú gætir dottið niður á eitthvað alveg magnað!

HVEITIBJÓRAR

eru, eins og nafnið bendir til, gerðir að meirihluta úr hveiti. Hveitið gefur bjórnum nokkuð skemmtilegan kryddkeim sem getur minnt á pipar og negul. Oft eru þessir bjórar skýjaðir sem tryggir rétta keiminn. Belgískur Wit er bragðléttur og frísklegur bjór sem hefur verið kryddaður með kóríander og appelsínuberki. Skelfiskur, grænt salat eða ferskir ostar eru glæsileg pörun með þessum bjór. Þýskir Weissbier hafa miðlungs bragðfyllingu og tækla því bragðmeiri mat, en best væri ljósa kjötið eða fiskréttir, hvort sem er sushi eða ofnbakaður fiskur. Geitaostar, hvítmygluostar og ferskir ostar henta vel með hveitibjórnum. Dunkelweizen er dökkt afbrigði sem er best með grillkjöti og léttum, föstum ostum. Weizenbock er bragðmeira afbrigði af dökka hveitibjórnum sem hreinlega kallar á léttari villibráð eða reyktan mat, ásamt þroskuðum föstum ostum.

BRÚNIR BJÓRAR

eins og Mild, Brown ale og Kölsch eru fremur léttir og hafa mjúka ristaða tóna, einnig hafa þeir oft nokkurn karamellukeim sem gerir þá hentuga með t.d. grilluðum laxi, ljósu kjöti, reyktum mat og þroskuðum pylsum. Fastir ostar sem eru ekki allt of lyktsterkir, þroskaðir geitaostar og stökkir ostar passa einnig vel. Beiskari brúnir bjórar eins og Bitter og Altbier kalla á meiri þyngd í matnum eins og til dæmis grillað svín eða lamb en ganga einnig ansi vel með feitari fiski. Sterkari brún öl eins og Old ale, Strong ale, Dubbel og Quadrupel, sem eru bragðþéttari og heitari sökum aukins vínanda, smellpassa með lambi, nautasteik og villibráð. Þau kalla einnig eftir meiri þroska í ostunum.

BRAGÐBÆTTIR BJÓRAR

